| Alm. vinna | 2995 | 55 | 102,71 | 2,46 | 5,58 | 7,49 | 118,24 |
| Aðst. v/fagvinnu | 254 | 20 | 113,71 | 3,34 | 6,09 | 5,97 | 129,11 |
| Vélstjórn | 801 | 25 | 111,55 | 2,91 | 5,69 | 14,25 | 134,40 |
| | 4050 | 100 | 107,12 | 2,74 | 5,71 | 8,88 | 124,45 |

Tafla 2.

Verkamenn

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla.

Ársmeðaltöl 1971

| | Heildar-vinnust. þús. | Vog | Skipting vinnutíma Dvt. % | Evt. % | Nvt. % | Heildar kaup þús.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. |
| Alm. verkamannav. | | | | | | |
| Fiskvinna | 133 | 15 | 73,2 | 12,0 | 14,8 | 14632 |
| Hafnarvinna | 877 | 20 | 74,1 | 15,3 | 10,6 | 99755 |
| Pakkhúsvinna | 170 | 3 | 80,9 | 10,0 | 9,1 | 19380 |
| Lyftaravinna | 11 | 2 | 72,9 | 14,7 | 12,4 | 1384 |
| Byggingarvinna | 53 | 10 | 76,3 | 18,2 | 5,5 | 7543 |
| Afgreiðslustörf | 208 | 7 | 85,4 | 2,5 | 12,1 | 24035 |
| Bæjarvinna | 794 | 15 | 79,9 | 13,0 | 7,1 | 83967 |
| Verksmiðjuvinna | 290 | 11 | 87,8 | 7,2 | 5,0 | 30525 |
| Slippvinna | 91 | 2 | 74,3 | 15,0 | 10,7 | 9869 |
| Ýmis alm. vinna | 368 | 15 | 75,9 | 11,9 | 12,2 | 44569 |
| Vegið meðaltal | 2995 | 100 | 77,8 | 12,3 | 9,9 | 335659 |
| Aðstoð v/fagvinnu. | | | | | | |
| Málmsmíðar | 114 | 35 | 84,9 | 10,5 | 4,6 | 14165 |
| Trésmíðar | 78 | 30 | 81,0 | 14,2 | 4,8 | 9445 |
| Bifr.sm. og viðg. | 62 | 35 | 76,3 | 12,8 | 10,9 | 8651 |
| Vegið meðaltal | 254 | 100 | 80,7 | 12,4 | 6,9 | 32261 |
| Vélstjórn | | | | | | |
| Bílstjórar | 537 | 80 | 71,9 | 10,9 | 17,2 | 63817 |
| Ýtu- og kranastj. | 264 | 20 | 70,0 | 12,5 | 17,5 | 39360 |
| Vegið meðaltal | 801 | 100 | 71,5 | 11,2 | 17,3 | 103177 |
| Samanvegið: | | | | | | |
| Alm. verkamannav. | 2995 | 55 | 77,8 | 12,3 | 9,9 | 335659 |
| Aðst. v/fagv. | 254 | 20 | 80,7 | 12,4 | 6,9 | 32261 |
| Vélstjórn | 801 | 25 | 71,5 | 11,2 | 17,3 | 103177 |
| | 4050 | 100 | 76,8 | 12,0 | 11,2 | 471097 |

Tafla 3 Tímakaupstafla - Ársmeðaltöl 1971.

Iðnaðarmenn

| | Heildar-vinnust. þús. | Tímak. í dagv. kr. | Helgid. álag kr. | Eftirv. álag kr. | Næturv. álag kr. | Meðal-tímak. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. |
| Skipasm.og viðg. | 27 | 139,86 | 4,27 | 8,43 | 5,21 | 157,77 |
| Málmsmíðar | 351 | 135,05 | 4,08 | 6,23 | 8,67 | 154,03 |
| Trésmíðar | 171 | 130,58 | 3,82 | 7,32 | 5,64 | 147,36 |
| Húsgagnagerð | 118 | 125,26 | 3,80 | 6,84 | 6,50 | 142,40 |
| Flugvirkjun | 123 | 194,84 | 3,95 | 1,93 | 23,30 | 224,02 |
| Bifr.sm.og viðg. | 176 | 138,90 | 3,84 | 8,12 | 8,39 | 159,25 |
| Rafvirkjun | 146 | 152,81 | 4,45 | 7,62 | 9,90 | 174,78 |
| Bökunarvinna | 15 | 113,51 | 3,24 | 3,77 | 10,60 | 131,12 |
| Prentun og bókag. | 65 | 156,99 | 5,22 | 0,00 | 17,96 | 180,17 |
| | 1192 | | | | | |

Tafla 4 Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - Ársmeðaltöl 1971.

Iðnaðarmenn

| | Heildar-vinnust. þús. | Skipting vinnutíma | | | Heildar-kaup þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Dvt. % | Evt. % | Nvt. % | |
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| Skipasm.og viðg. | 27 | 80,6 | 14,3 | 5,1 | 4447 |
| Málmsmíðar | 351 | 80,8 | 10,7 | 8,5 | 54047 |
| Trésmíðar | 171 | 81,1 | 13,2 | 5,7 | 26725 |
| Húsgagnagerð | 118 | 80,3 | 12,7 | 7,0 | 16175 |
| Flugvirkjun | 123 | 80,0 | 2,6 | 17,4 | 25136 |
| Bifr.sm.og viðg. | 176 | 78,5 | 13,4 | 8,1 | 28329 |
| Rafvirkjun | 146 | 79,9 | 11,5 | 8,6 | 25349 |
| Bökunarvinna | 15 | 80,2 | 7,5 | 12,3 | 1955 |
| Prentun og bókag. | 65 | 87,8 | 0,0 | 12,2 | 11889 |
| | 1192 | | | | 194052 |

Tafla 5 Tímakaupstafla - Ársmeðaltöl 1971

Verkakonur

| | Heildar-vinnust. þús. | Tímak. í dagv. kr. | Helgid. álag kr. | Eftirv. álag kr. | Næturv. álag kr. | Meðal-tímak. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. |
| Fiskvinna | 192 | 89,80 | 2,34 | 4,08 | 3,39 | 99,61 |
| Afgreiðslustörf | 43 | 91,46 | 2,87 | 1,22 | 3,20 | 98,75 |
| Verksmiðjuvinna | 356 | 86,09 | 2,66 | 1,14 | 1,33 | 91,22 |
| Bæjarvinna | 22 | 82,53 | 0,07 | 3,21 | 6,58 | 92,39 |
| Bökunarvinna | 17 | 98,23 | 3,55 | 0,69 | 2,02 | 104,49 |
| Fatasaumur | 150 | 97,32 | 3,36 | 0,50 | 0,19 | 101,37 |
| Prentun og bókag. | 24 | 107,25 | 3,68 | 0,00 | 10,14 | 121,07 |
| Ýmis alm. vinna | 52 | 94,52 | 3,29 | 0,28 | 3,75 | 101,84 |
| | 856 | | | | | |

Tafla 6 Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - Ársmeðaltöl 1971.

Verkakonur

| | Heildar-vinnust. þús. | Skipting vinnutíma Dvt. % | Evt. % | Nvt. % | Heildar-kaup þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| Fiskvinna | 192 | 84,3 | 10,7 | 5,0 | 19512 |
| Afgreiðslustörf | 43 | 92,5 | 3,2 | 4,3 | 4179 |
| Verksmiðjuvinna | 356 | 94,5 | 3,5 | 2,0 | 32092 |
| Bæjarvinna | 22 | 81,0 | 8,6 | 10,4 | 2023 |
| Bökunarvinna | 17 | 95,7 | 1,7 | 2,6 | 1820 |
| Fatasaumur | 150 | 98,6 | 1,3 | 0,1 | 13638 |
| Prentun og bókag. | 24 | 90,1 | 0,0 | 9,9 | 2890 |
| Ýmis alm. vinna | 52 | 94,4 | 0,7 | 4,9 | 5182 |
| | 856 | | | | 81336 |

## Ákvæðisvinna iðnaðarmanna.

Ákvæðisvinna hefur færst mjög í vöxt meðal ýmissa iðnaðarmannastétta. Tölur um ákvæðisvinnu hafa ekki áður verið birtar í Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar, en það er oft nokkrum erfiðleikum bundið að tímamæla afköst í ákvæðisvinnu. Kjararannsóknarnefnd hefur hafið skýrslusöfnun og úrvinnslu í því augnamiði að bæta úr þessu. Hér á eftir verða birtar tölur um ákvæðisvinnu trésmiða, múrara og málara á fjórða ársfjórðungi.

4. ársfjórðungur 1971.

| | Samningsbundið tímakaup | Greitt tímakaup í dagv. | Ákvæðisvinna á klst. | Heildarvinnust. þús. | Vinnust. í ákv.v. þús. |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| | Í krónum | | | | |
| Trésmíði | 115.50 | 131.68 | 242.12 | 46538 | 15544 |
| Múrverk | 110.80 | 140.64 | 250.22 | 12083 | 9915 |
| Málun | 105.60 | 113.20 | 222.32 | 4333 | 3144 |
| | Í % | | | | |
| Trésmíði | 100.0 | 114.0 | 209.6 | 100.0 | 33.4 |
| Múrverk | 100.0 | 126.9 | 225.7 | 100.0 | 82.6 |
| Málun | 100.0 | 107.2 | 210.5 | 100.0 | 72.6 |

Tölur í töflunni eru fengnar frá nokkrum fyrirtækjum í Reykjavík, sem Kjararannsóknarnefnd fær reglulega gögn frá. Aðeins þær stéttir eru teknar með, sem hafa verulegan hluta vinnutímans í ákvæðisvinnu. Unnið er að því, að fá áreiðanlegar tölur annarra stétta í ákvæðisvinnu.

Fyrsti dálkur í töflunni sýnir tímakaup í dagvinnu samkvæmt samningsbundnum taxta, næsti dálkur er tímakaup samkvæmt úrtaki Kjararannsóknarnefndar. Mismunur þessara tveggja dálka á að sýna yfirborganir tímakaups í dagvinnu. Þriðji dálkurinn sýnir ákvæðisvinnukaup á klst.

Yfirborganir samkvæmt töflunni er á bilinu 7 - 26%, nánari rannsókn þarf að gera til þess að fá nákvæmari tölur. Ákvæðisvinnan er um 210 - 226% hærri en tímakaup samkvæmt samningsbundnum taxta. Þessi munur á tímakaupi og ákvæðisvinnu er mjög mikill, og hlýtur að skapa óánægju meðlima annarra fagfélaga sem geta ekki unnið ákvæðisvinnu vegna eðlis atvinnunnar. Þessi munur hlýtur einnig að verka hvetjandi á launaskrið í tímakaupi. Fróðlegt væri að athuga hvort afkastaaukning er í samræmi við muninn á tímakaupi og á ákvæðisvinnu, en ekki eru tök á því hér. Þess má geta að rafvirkjar hafa eftirfarandi ákvæði í samningum sínum: "Ákvæðanefnd skal taka til athugunar liði sem að jafnaði og við venjulegar aðstæður skila meira en 50% fram yfir tímak. samkvæmt 1. gr. A lið, svo og liði, sem við einstakt verk skila meiru en 100% umfram tímakaup".

# Yfirborganir og launaskrið.

## I. Almennt um launaskrið og yfirborganir.

Samningar um kaup og kjör milli atvinnurekenda og launþega gilda jafnan til ákveðins tíma í senn, en stundum með fyrirfram ákveðinni áfangabreytingu, einni eða fleirum, á tímabilinu. Oft eru samningar með ákvæði um breytingar, og þá yfirleitt á kaupgjaldinu sjálfu, sem koma því aðeins til framkvæmda, að tiltekið viðmiðunarverðlag breytist.

Kaup og kjör breytast því ekki aðeins á þeim tímum sem tilteknir eru í orðalagi samnings, heldur einnig með ákveðnum fresti að breyttu verðlagi. Hvorar tveggja þessara kaupgjaldsbreytinga eru samningsbundnar og eru skráðar í kauptöxtum hvers tíma.

Nú geta greidd laun verið hærri en samningar kveða á um, þessi munur kallast yfirborganir, hins vegar er breyting yfirborgana frá einum tímapunkti til annars nefnd launaskrið. Mikilvægt er að hafa þessa skilgreiningu í huga þegar þessi grein er lesin.

Launaskriðs hefur gætt hér á landi og í nálægum löndum undanfarna 2 áratugi. Fyrirbrigðið hefur reynzt mælanlegt sökum þess að kaupgjaldi hefur þar yfirleitt verið skipað með heildstæðum samningum fyrir tiltölulega stóra hópa. Áhugi er fyrir hendi, af hálfu beggja aðila kjarasamninga, að rannsaka það og finna því tjáningarform. Í köflum II - IV er einkum rætt um breytingar á yfirborgunum, eða um launaskrið samkvæmt áðurnefndri skilgreiningu.

## II. Er launaskrið æskilegt ?

Fyrir atvinnurekendur er launaskrið neikvætt að því leyti, að um er að ræða breytingu á launakostnaði fram yfir það stig sem eðlilegt er að þeir hafi reiknað með við þau reikningsskil sem gerð kjarasamninga oft á tíðum er.

Það fer svo eftir atvikum, hvort atvinnureksturinn verður að bera þetta hækkaða kaup sjálfur með skertum hagnaði, eða hvort honum tekst að velta þessum aukna kostnaði yfir á næsta viðskiptalið með hækkuðu verði á framleiddum vörum/veittri þjónustu.

Launaskrið getur einnig tryggt atvinnugreinum með góða framleiðni starfskrafta frá öðrum starfsgreinum með lakari framleiðni. Aðrar atvinnugreinar verða síðan að fylgjast með ef þær eiga að halda vinnuafli sínu, þótt engin afkastaaukning sé fyrir hendi til þess að mæta auknum kostnaði. Þrautalendingin verður svo hækkað söluverð á vöru og/eða þjónustu.

Hins vegar er atvinnurekendum oft hagur að því, að mismuna launþegum sínum í kaupi til að umbuna fyrir afköst eða aðra hagstæða eiginleika og tryggja stöðugleika í starfi. Þar sem mismunur í kaupi getur vegna aðhalds frá kjarasamningum aðeins orðið upp á við, þá er þarna um að ræða eina af orsökum þess að meðalkaup hóps fer upp fyrir lágmarkskaupið.

Frá sjónarmiði launþega er launaskrið einnig tvíþætt fyrirbrigði. Það má að sjálfsögðu teljast hagstætt að laun hækki fram yfir það sem náðst hefur fram í kjarasamningum, engin slær hendinni á móti vel fenginni umbun. Hins vegar er það óeðlilegt og jafnvel hættulegt frá sjónarmiði launþegahreyfingar að samningar um kaup og kjör verði einstaklingsbundnir í stað þess að vera almennir og þar með opnir. Í lágmarkslaunaákvæðum felst styrkur við samningagerð, enda getur hreyfingin ekki tryggt það að einstaklingssamningar haldist. Þá er það nauðsynlegt fyrir einingu verkalýðshreyfingar, að hún ráði því sjálf hvenær og að hve miklu leyti er vikið frá kröfunni um jöfnuð í kjaramálum.

## III. Nánar um orsakir launaskriðs.

Ein af orsökum launaskriðs er þessi: Tekjur af ákvæðisvinnu, uppmælingu eða hlutaskiptum, svo og kaupgreiðslur, breytast meira en kaupgjald, sem einvörðungu miðast við tímalengd, þar eð launþegar njóta ekki í hinu síðarnefnda bættra afkasta vegna aukins vinnuálags, meiri hagræðingar, vélvæðingar eða hagstæðara náttúrufars. Afkastamæld laun verka þá stundum hvetjandi á tímalengdarbundin laun áður en hækkun er viðurkennd í samningum.

Hátt atvinnustig hefur almennt séð þennsluáhrif á víðtæku sviði, og einnig á kaup, bæði hið sameiginlega-samningsbundna og hið einstaklings-samningsbundna, sem og hið handahófskennda, ef um slíkt væri að ræða. Má ætla, að hátt atvinnustig ýti undir launaskrið, þ. e. að launagreiðslur, ósamningsbundnar af verkalýðsfélaga hálfu, hækki meira en kjarasamningakaupið, einkum ef langur tími líður á milli kjarasamninga við slíkt þennsluástand. Þá er ekki að efa, að eftir því sem lítt sundurgreindir kjarasamningar ná til stærri hópa, séu líkur á launaskriði meiri.

Þegar skortur er á vinnuafli, bjóða fyrirtæki, hvert í samkeppni við annað, betri aðbúnað, hærri laun og önnur fríðindi til þess að laða að hæft vinnuafl. Einkum gildir þetta, ef svo er ástatt í hagkerfinu, að atvinnuvegirnir eigi auðvelt með að axla greiðslubyrðar eða velta þeim á næstu viðskiptaliði.

Atvinnustig á Íslandi hefur verið mjög hátt undanfarin ár og fjöldi lausra starfa oft verið mikill. Í skýrslu til Hagráðs (1968) um ástand og horfur í efnahagsmálum segir, að líklegt megi telja að atvinnuleysi á árunum 1957-1966 hafi aldrei náð 2°/oo af vinnuaflinu og flest ár verið mun lægra, enda verður að taka inn í dæmið að á þessum árum var talsverður innflutningur á vinnuafli erlendis frá. Á árunum 1967/69 lækkaði atvinnustigið verulega frá því sem áður var, þegar síldveiðar brugðust og verðfall varð á erlendum mörkuðum fyrir útflutningsafurðir Íslendinga, og kjaraskerðingar urðu í formi hækkaðs verðlags sem engar eða takmarkaðar bætur komu fyrir. Síðustu ár hefur stórlega dregið úr atvinnuleysi, svo að nú er víða verulegur skortur á vinnuafli. Er þó ekki svo að skilja, að árstíðabundnum, og þó einkum svæðisbundnum, orsökum atvinnuleysis hafi verið útrýmt. Um atvinnuleysi vísast til skýrslna í Fréttabréfum Kjararannsóknarnefndar.

## IV. Hvernig launaskrið birtist.

Í kafla III var rætt um orsakir launaskriðs, hér verður drepið á hvernig það birtist.

1. Breytingar á greiðslum umfram samninga, starfsmanni er ívilnað með yfirborgunum eða aukagreiðslum.

2. Breytingar á launaflokkum og aldurshækkunum starfsmanna eru þannig, að greidd eru önnur laun en samningar segja til um.

3. Aukin yfirvinna getur valdið tekjuaukningu umfram hlutfallslega hækkun kauptaxta. Það fer þó eftir skilgreiningu á launaskriði, hvort slík hækkun er talin til þess eða ekki.

V. Rökrætt um yfirborganir.

Sé litið svo á, að aukning þjóðarframleiðslu standi ein undir kjarabótum til launþega, má ætla að yfirborganir hafi á undanförnum árum iðulega verið búnar að nýta það svigrúm til kauphækkana sem fyrir hendi var við samninga. Nýjir hækkaðir kaupgjaldssamningar hafi þá farið að mestu í hækkað verðlag og stefnt gengi íslenzku krónunnar í voða.

Frá hinu sjónarmiðinu skoðað - að við kaupgjaldssamninga standi baráttan um uppskiptingu á þjóðartekjunum - eru yfirborganir oft á tíðum glögg ábending um það, að borð sé fyrir báru, hvað snertir almenna hækkun á kauptöxtum. Auk þess hlýtur að koma þar inn í málið það jafnréttissjónarmið launþegabaráttunnar, að launþegar eigi ekki að una greiðslum undir borðið til þeirra er njóta náðar.

Sú staðreynd, að yfirborganir hafa átt sér stað, gefur báðum aðilum kjarasamninga rök í hendur. Atvinnurekendur geta sagt að launþegar ættu að taka tillit til þeirrar tekjuaukningar sem yfirborganir fela í sér. Launþegar geta hins vegar spurt, hvort ekki sé hreinlegast að taka allar yfirborganir inn í skráð og samningsbundið kaup.

# Yfirborganir verkamannalauna
# 1961 - 1971

Þær tölur sem hér fara á eftir eru teknar úr Fréttabréfum og öðrum gögnum Kjararannsóknarnefndar.

Tafla I

| | Samnings bundin laun kr. | Helgi- daga álag kr.X | 1 + 2 kr. | Árleg aukn. % | Greidd laun í dagv. kr. | Árleg aukn. % | Greitt meðalt. kaup m/hd.kr. | Árleg aukn. % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. |
| 1961 | 22,77 | 0 | 22,77 | | 24,70 | | 28,10 | |
| 1962 | 25,06 | 0 | 25,06 | 10,1 | 27,90 | 13,0 | 32,50 | 15,7 |
| 1963 | 28,39 | 0 | 28,39 | 13,3 | 32,50 | 16,5 | 38,75 | 19,2 |
| 1964 | 34,88 | 0,40 | 35,28 | 24,3 | 41,25 | 26,9 | 48,60 | 25,4 |
| 1965 | 40,18 | 0,95 | 41,13 | 16,6 | 49,00 | 18,8 | 57,87 | 19,1 |
| 1966 | 48,22 | 1,15 | 49,37 | 20,0 | 58,82 | 20,0 | 70,20 | 21,3 |
| 1967 | 50,70 | 1,21 | 51,91 | 5,1 | 62,40 | 6,1 | 73,89 | 5,3 |
| 1968 | 54,14 | 1,30 | 55,44 | 6,8 | 66,12 | 6,0 | 78,28 | 5,9 |
| 1969 | 62,68 | 1,82 | 64,50 | 16,3 | 76,84 | 16,2 | 88,92 | 13,6 |
| 1970 | 76,67 | 2,22 | 78,89 | 22,3 | 93,98 | 22,3 | 108,80 | 22,4 |
| 1971 | 87,18 | 2,52 | 89,70 | 13,7 | 107,12 | 14,0 | 124,45 | 14,5 |

X Gert er ráð fyrir að 70% verkafólks fái greidda helgidaga frá 1964 - 1967 en 85% úr því.

Lítum nánar á dálk 3 og 5. Samkvæmt skilgreiningunni á yfirborgunum sýnir mismunur þessara dálka, sem báðir eru dagvinnutaxtar, yfirborganir í dagvinnu.

Tafla II

| | Dálkur 3 úr Töflu I kr. | Dálkur 5 úr Töflu I kr. | Mis-munur kr. | Mis-munur % |
|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. |
| 1961 | 22,77 | 24,70 | 1,93 | 8,5 |
| 1962 | 25,06 | 27,90 | 2,84 | 11,3 |
| 1963 | 28,39 | 32,50 | 4,11 | 14,5 |
| 1964 | 35,28 | 41,25 | 5,97 | 16,9 |
| 1965 | 41,13 | 49,00 | 7,87 | 19,1 |
| 1966 | 49,37 | 58,82 | 9,45 | 19,1 |
| 1967 | 51,91 | 62,40 | 10,49 | 20,2 |
| 1968 | 55,44 | 66,12 | 10,68 | 19,3 |
| 1969 | 64,50 | 76,84 | 12,34 | 19,1 |
| 1970 | 78,89 | 93,98 | 15,09 | 19,1 |
| 1971 | 89,70 | 107,12 | 17,42 | 19,4 |

Það kemur greinilega í ljós á Töflu 2 að yfirborganir hafa vaxið mjög á síðasta áratug. Þær voru um 2 krónur á hverja unna klst. verkamannalauna 1961 en eru komnar yfir 17 krónur 1971, en hlutfallslega hafa yfirborganir verið um 20% frá 1965. Þetta er sýnt betur á eftirfarandi mynd.

Mynd I




Skástrikuðu reitirnir sýna samningsbundinn kauptaxta en óstrikuðu reitirnir yfirborganir.

Yfirborganir í yfirvinnu (þ. e. greitt fyrir yfirvinnu umfram taxtakaup í þeirri vinnu) væri fræðilega hægt að sýna nálægt lagi, ef reiknaður væri fjöldi yfirvinnutíma út úr launaskýrslum undanfarinna ára. Á því eru hins vegar vandkvæði, og verður því ekki gerð tilraun til þess hér. En fróðlegt er að bera saman samningsbundin laun í dagvinnu og greitt meðaltímakaup, þ. e. dálka 3 og 7 úr töflu I. (Meðaltímakaup = Greitt kaup : Dvt. + X · Evt. + y · Nvt., þar sem x og y eru margföldunarstuðlar yfirvinnuálags - nú 1,4 og 1,8).

Tafla III

| | Dálkur 3 úr Töflu I kr. | Dálkur 7 úr Töflu I kr. | Mis-munur kr. | Mis-munur % |
|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. |
| 1961 | 22,77 | 28,10 | 5,33 | 23,4 |
| 1962 | 25,06 | 32,50 | 7,44 | 29,7 |
| 1963 | 28,39 | 38,75 | 10,36 | 36,5 |
| 1964 | 35,28 | 48,60 | 13,32 | 37,8 |
| 1965 | 41,13 | 57,87 | 16,74 | 40,7 |
| 1966 | 49,37 | 70,20 | 20,83 | 42,2 |
| 1967 | 51,91 | 73,89 | 21,98 | 42,3 |
| 1968 | 55,44 | 78,28 | 22,84 | 41,2 |
| 1969 | 64,50 | 88,92 | 24,42 | 37,9 |
| 1970 | 78,89 | 108,80 | 29,91 | 37,9 |
| 1971 | 89,70 | 124,45 | 34,75 | 38,7 |

Hlutfall raunverulega greiddrar yfirvinnu yfir samningsbundin dagvinnulaun segir nokkuð um atvinnustigið, afkomu verkamanna og atvinnuveganna og greiðslubyrði þeirra. Breyting á atvinnustiginu kemur ekki sízt fram á yfirvinnu, þannig má sjá í dálki 4 áhrif erfiðleika áranna þegar síldveiðin bregst og verðfall verður á erlendum mörkuðum.

Að síðustu, í þessum kafla, verður fjallað nokkuð um hlutfallslegar launabreytingar milli ára þ. e. dálka 4, 6 og 8 í töflu I, sjá mynd 2, óstrikuðu súlurnar sýna hlutfallslega aukningu

samningsbundinna launa milli ára (dálkur 4 í töflu II). Á sama hátt sýna skástrikuðu súlurnar hlutfallslega aukningu greiddra launa í dagvinnu milli ára (dálkur 6) og lóðréttstrikuðu súlurnar sýna greitt meðaltímakaup (dálkur 8).

Í heild má sjá, að talsvert hefur dregið úr launahækkunum 1967 og 1968, enda eykst atvinnuleysi mjög á þeim árum. Fremur lítil launahækkun er árið 1971 miðað við 1970, en það er vegna þess að samningar tókust 1. des. 1971 og hafa þeir því mjög óveruleg áhrif á því ári.

Með því að bera saman óstrikuðu súluna og skástrikuðu súluna, má sjá hvernig yfirborganir hafa verið á þessum tíma og vísast til töflu II og myndar í því sambandi. Út frá lóðréttstrikuðu súlunni (greitt meðaltímakaup) má sjá hvernig atvinnustigið, afkoma atvinnuveganna og verkamanna breytist.

Mynd 2




Launna hækk.
milli ára%
25
20
15
10
5
1962
1963
1964
1965
1966
1967
1968
1969
1970
1971

# IV Launaskrið.

Eins og áður er nefnt er launaskrið þær breytingar yfirborgana sem eiga sér stað frá einum tímapunkti til annars. Launaskrið getur því verið jákvætt, neikvætt eða 0 á sama tíma og yfirborganir eru fyrir hendi. Til þess að finna tölur um launaskrið þarf að skoða nánar töflu II, hér á eftir verða skráðir dálkar 3 og 4 úr töflu II. Dálkur 3 er mismunur í krónum á taxtalaunum og greiddum launum, dálkur 4 sýnir hlutfallslegan mismun þessara stærða.

Tafla IV

| | Dálkur 3 úr Töflu II kr. | Launaskrið kr. | Dálkur 4 úr Töflu II kr. | Hlutfl. launaskrið % |
|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. |
| 1961 | 1,93 | | 8,5 | |
| 1962 | 2,84 | 0,91 | 11,3 | 2,8 |
| 1963 | 4,11 | 1,27 | 14,5 | 3,2 |
| 1964 | 5,97 | 1,86 | 16,9 | 2,4 |
| 1965 | 7,87 | 1,90 | 19,1 | 2,2 |
| 1966 | 9,45 | 1,58 | 19,1 | 0,0 |
| 1967 | 10,49 | 1,04 | 20,2 | 1,1 |
| 1968 | 10,68 | 0,19 | 19,3 | - 0,9 |
| 1969 | 12,34 | 1,66 | 19,1 | - 0,2 |
| 1970 | 15,09 | 2,75 | 19,1 | 0,0 |
| 1971 | 17,42 | 2,33 | 19,4 | 0,3 |

Samkvæmt áðurnefndri skilgreiningu fæst launaskrið með því að reikna út breytingar á yfirborgunum frá einum tíma til annars.

Launaskrið það sem fram kemur í töflu III er sýnt myndrænt í myndum 3 og 4.

Mynd 3




Mynd 4




Myndirnar og tafla IV sýna þróun launaskriðs árin 1961 til 1971. Athyglisvert er hversu lítið hefur dregið úr launaskriði erfiðleikaárin 1966 - 1969. Launaskrið í krónum er allt tímabilið jákvætt en hlutfallslegt launaskrið er neikvætt á árunum 1968 - 1970. Þess ber að geta, að kjararýrnun hefur

orðið miklu meiri á árunum 1966 - 1969 en minnkandi launaskrið gefur til kynna vegna hækkandi verðlags, sem hefur ekki haft í för með sér hliðstæða hækkun kaupgjalds.

Árið 1970 - 1971 er launaskrið farið að stíga aftur, gera má ráð fyrir verulegri aukningu launaskriðs árið 1972, þar sem öll helztu skilyrði fyrir vexti þess eru fyrir hendi, má þar nefna samninga til langs tíma, sameiginlega samninga fyrir stóran hóp launafólks, mikla þenslu í þjóðarbúinu og hátt atvinnustig. Þróunin á tímabilinu 1961 - 1971 sýnir að launaskrið er háð efnahagslegri afkomu þjóðarbúsins og fylgir hagsveiflunni a.m.k. að nokkru leyti.

## V Kaupmáttur launaskriðs.

Tafla V

| | Kaupm.vísit. taxtak.verkam. í dagvinnu 1963 = 100 | Breyting frá ári til árs í % | Kaupm.vísit. raunverul.gr. launa verkam. í dagvinnu 1963 = 100 | Breyting frá ári til árs í % | Mism. kaupm. launa skriðs |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
| 1961 | 100,7 | | 95,5 | | - 5,2 |
| 1962 | 100,0 | - 0,7 | 97,2 | 1,8 | - 2,8 |
| 1963 | 100,0 | 0 | 100,0 | 2,9 | 0 |
| 1964 | 103,0 | 3,0 | 106,5 | 6,5 | 3,5 |
| 1965 | 110,7 | 7,5 | 118,1 | 10,9 | 7,4 |
| 1966 | 120,2 | 8,6 | 120,1 | 8,5 | 7,9 |
| 1967 | 122,2 | 1,7 | 131,4 | 2,3 | 9,2 |
| 1968 | 113,5 | - 7,1 | 120,6 | - 8,2 | 7,1 |
| 1969 | 107,5 | - 5,3 | 115,0 | - 4,6 | 7,5 |
| 1970 | 116,0 | 7,9 | 124,2 | 8,0 | 8,2 |
| 1971 | 124,3 | 7,2 | 133,5 | 7,5 | 9,2 |

Þessar tölur eru miðaðar við vísitölu framfærslukostnaðar á hverja greidda vinnustund án orlofs. Við samanburð á þessum tveim kaupmáttarvísitölum verður að gæta þess að tölurnar eru afstæðar og verður að túlka sem slíkar. Þ. e. tölurnar sýna afstöðu kaupmáttarins á hverjum tíma til kaupmáttarins 1963.

Dálkur 5 í töflu V er neikvæður fyrstu tvö árin vegna þess, að miklu meiri stígandi er í dálki 3 en í dálki 1 og að grundvallarárið er 1963 en ekki 1961.

Tafla V sýnir greinilega hversu mikil áhrif launaskriðsins eru á raunverulegan kaupmátt. Gera verður því skýran greinarmun á þessum tveim kaupmáttarvísitöluröðum þegar þessi mál eru rædd. Taflan sýnir einnig, að kaupmáttarvísitala taxtakaupsins hefur hækkað á tímabilinu um 23,4% en kaupmáttarvísitala raunverulega greiddra launa um 39,8% á sama tíma.

## VI. Lokaorð.

Töflur hér að framan gefa tilefni til alvarlegra íhugana. Samkvæmt Fréttabréfum Kjararannsóknarnefndar hefur kauptaxti verkamanna í Reykjavík í dagvinnu hækkað um 293,9% (nær fjórfaldast) á árunum 1961 - 1971. Raunverulega greitt tímakaup í dagvinnu hækkar á sama tíma um 333,7% (eða rúmlega fjórfaldast, sjá töflu I). En á þessum árum hækkar kaupmáttur taxtakaupsins um 23,4% og kaupmáttur þess kaups sem greitt er (að launaskriði meðtöldu) samkvæmt athugunarúrtaki Kjararannsóknarnefndar (sjá töflu IV) um 39,8%. Þessar kaupmáttartölur eru miðaðar við hverja greidda vinnustund án orlofs og reiknaðar út frá vísitölu framfærslukostnaðar, sjá skýringar við töflu V. Athygli skal vakin á því, að vísitala vöru og þjónustu er jafngildur mælikvarði á kaupmáttarbreytingar. Samkvæmt henni hefði kaupmáttaraukningin verið heldur minni en hér er sýnd, en hlutföll að sjálfsögðu haldizt milli hinna tvenns konar kaupmáttarstærðarraða.

Fjórföldun kaupgjalds meðan kaupmáttur eykst aðeins um 40% segir sína sögu, og gefur vissulega tilefni til íhugana um hvort aðrar leiðir en vísitölubinding geti betur náð því markmiði að tryggja kaupmátt launa.